

Nd.

393. Frumvarp til laga

[203. mál]

um breyting á lögum nr. 56 1973, um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Pálmi Jónsson, Páll Pétursson, Eyjólfur K. Jónsson,
Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

2. töluliður 16.5 í 16. gr. laganna orðist svo:

Blönduósumdæmi.

- a) Á Blönduósi H2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínvatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur og Engihlíðahreppur.
- b) Á Skagaströnd H1, starfssvæði Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

2. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Þá fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

Þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt á Alþingi 1973, var lækni-
hérað á Skagaströnd lagt niður og sameinað Blönduóshéraði. Við fluttum þá breyt-
ingartillögu við frumvarpið, en hún var felld með eins atkvæðis mun í neðri deild.
Búið var að byggja lækni bústað á Skagaströnd, og íbúarnir kunna því illa að hafa
eigi lækni búsettan þar. Vegasamband við Blönduós er sæmilegt, en veður eru hörð
norður á Skaganum. Norðaustanhriðar geta geisað dag eftir dag, þannig að illfært
sé á milli húsa. Fólkið finnur til öryggisleysis að hafa eigi lækni hjá sér í kaup-
túninu.

Atvinnuástand er gott á Skagaströnd og fólkinu fjölgar. Eigi er ólíklegt, að eftir
nokkur ár verði íbúatalan nær 1 000, því að fólkið er bjartsýnt og duglegt. Það á
því skilið að njóta sæmilegs öryggis í heilbrigðismálum.

Viðurkenna ber, að lítið er unnið við að hafa sérstök lækniheruð, ef eigi fást
læknar til að starfa í þeim. Nokkur breyting virðist hafa orðið á í því efni, þannig
að auðveldara virðist að fá lækna til að starfa í strjálbýlinu en áður var. Læknum
fjölgar ört, og gróska er í atvinnulífi úti á landsbyggðinni. Eigi er því ólíklegt, að
læknir fáist til að starfa á Skagaströnd, og er því tæpast rétt að haga löggjöf þann-
ig, að það hindri, að íbúar Höfðakaupstaðar og vesturhluta Skagans geti búið við
viðunandi öryggi í heilbrigðismálum.